

Stjórnvaldssekt vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 27. júní 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins fruminnherja í tilteknu félagi vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).¹

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 62. gr. og 63. gr. vvl. þegar hann rannsakaði hvorki né tilkynnti um víðskipti fjárhagslega tengds aðila með hlutabréf í útgefandanum.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 75. gr. og 76. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins þótti hæfileg sekt vera kr. 200.000.

¹ Í samræmi við gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins eru ekki birt nöfn útgefandans og innherjans þar sem innherjinn er ekki stjórnandi í skilningi 64.gr. vvl. Gagnsæisstefnuna og útfærslu á henni má finna á heimasíðu eftirlitsins.